

3. gr.

Lánsskjöl skv. 2. gr. skulu vera stimpilgjaldsfrjáls. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fjármálaráðherra getur falið Seðlabanka Íslands að annast útgáfu og sölu lánsskjala skv. 2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um
almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1984 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1984.
3. Af fyrstu 237 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 237 000 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr., sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.